



VOR 2022



GREASE



NFS



Fólkið á bakvið tjöldin

Leikstjóri

Brynja Ýr Júliusdóttir

Höfundar

Jim Jacobs og Warren Casey

Þýðandi

Veturliði Guðnason

Danshöfundur

Sigriður Rut Ragnarsdóttir Ísfeld

Tónlistarstjóri

Sigurður Smári Hansson

Ljósahönnun og hljóðvinnsla

Pórhallur Arnar Vilbergsson og Unnar Már Pétursson

Tæknimaður

Unnar Már Pétursson

Búningar

Helgi Líndal Eliasson og hópurinn

Hár og förðun

Hópurinn

Leikmyndahönnun

Davíð Örn Óskarsson

Yfirsmiður

Sigurður Smári Hansson

Sýningarstjórar

Helena Mjöll Vilhjálmsdóttir og Kamilla Rós Hjaltadóttir

Ljósmyndir

Kári Snær Halldórsson

Umbrot leikskrár

Ritnefnd NFS

NJÓTTU ÞESS
AÐ VERA
HEIMA!



W W W . Z O L O . I S

Ágætu leikhúsgestir, verið velkomin á Grease!

Þegar ég var ekki nema 19 ára gömul var mér treyst til að leikstýra minni fyrstu leiksýningu, Burlesque, sem Vox Arena setti upp árið 2018. Þrátt fyrir að sú sýning hafi gengið mjög vel þá lagðist starfsemi leikfélagsins í dvala eftir hana.....þar til núna. Þegar sú hugmynd kom upp að Leikfélag Keflavíkur myndi fara í samstarf við Vox Arena var ég ekki lengi að bjóða mig fram í að leikstýra sýningunni, hver sem hún yrði, og mér til mikillar gleði var það samþykkt.

Það sem einkennir þetta ferli er samstaða, enda erum við öll eins og ein stór fjölskylda og mörg okkar þekkst í mörg ár. Ég er sjálf í stjórn Leikfélags Keflavíkur, tónlistarstjóri sýningarinnar er formaður þess og formaður NFS er bróðir minn svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir að margir á bakvið tjöldin hafi tekið þátt í leiksýningum félagsins í mörg ár þá eru flestir leikarar að stíga sín fyrstu skref á sviði sem hefur verið ákveðin áskorun, bæði fyrir okkur stjórnendur og þau sjálf.



Æfingaferlið var mjög stutt, enda lukum við ekki sýningum á síðasta ferli fyrr en um miðjan febrúar, og því hafa síðustu vikur verið mjög krefjandi fyrir alla sem koma að sýningunni. Við erum því mjög þakklát og lánsöm að sýna þessa sýningu fyrir ykkur í kvöld og vonum að þið njótið vel. Það jafnast hreinlega ekkert á við það að fara á skemmtilegan söngleik í leikhúsi, syngja með og skemmta sér. Ég get allavega lofað ykkur því að ungmennin sem leika fyrir ykkur í kvöld munu elska það að sýna þennan frábæra söngleik fyrir ykkur og við vonumst til að þið gangið héðan út með bros á vör og hvetjið vini og vandamenn að kíkja á þennan klassíkska söngleik í Frumleikhúsinu.

Góða skemmtun og njótið vel,
Brynja Ýr Júliusdóttir

lindex.is



LINDEX

Kæru leikhúsgestir,

Verið velkomin í Frumleikhúsið á þessa samstarfssýningu Leikfélags Keflavíkur og Vox Arena, leikfélags Nemendafélags Fjölbautaskóla Suðurnesja, Grease! Síðastliðin ár hefur Leikfélag Keflavíkur notið mikillar velgengni og fengið góðar viðtökur fyrir metnaðarfullar sýningar sínar en Vox Arena hefur legið í dvala síðan 2018, þrátt fyrir mikla þrautseigju og metnað fram að því. Stjórn Leikfélags Keflavíkur, ásamt nokkrum ungmennum á vegum Fjölbautaskóla Suðurnesja, ákváðu í nánu samstarfi að endurvekja leikhúsmenningu skólans og fara af stað með metnaðarfulla sýningu. Miklar vangaveltur fóru af stað, en að lokum varð hinn sígildi ungmannasöngleikur Grease fyrir valinu og gerðu allir aðilar sér grein fyrir því að við værum ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur!

Æfingatímabilið var stutt og allt þurfti að græja í hvelli, en vegna mikillar samheldni og góðrar samvinnu tókst okkur að setja þetta metnaðarfulla verk á svið Frumleikhússins og þorum að fullyrða að þetta er ein metnaðarfyllsta uppsetning áhugaleikhúss á þessum sígilda söngleik.

Við í stjórn Leikfélags Keflavíkur viljum leggja áherslu á mikilvægi lista- og menningarstörf bæjarfélagsins og viljum því styðja við starfsemi annarra leikfélaga. Áhugaleikfélög eru mikilvægur liður í menningu bæjarfélaga og er það oft vettvangur þar sem listamenn framtíðarinnar stíga sín fyrstu skref. Jafnt eins og íþróttastörf og önnur tómstundastörf er listhneigðin eigi síðri þegar kemur að uppbyggjandi starfi ungmenna og eiga mörg þessara ungmenna mikla möguleika á vettvangi sviðslista í framtíðinni, hvort sem um er að ræða áhuga eða atvinnu.

Að lokum viljum við þakka öllum fyrir samstarfið, þrátt fyrir mótbýr vegna aðstæðna í landinu sem er vonandi að renna sitt skeið og viljum óska ykkur góðrar skemmtunar á Grease.

Stjórn Leikfélags Keflavíkur 2021-2022

Formaður: Sigurður Smári Hansson

Varaformaður: Hulda Björk Stefánsdóttir

Gjaldkeri: Brynja Ýr Júlíusdóttir

Ritari: Guðlaugur Ómar Guðmundsson

Meðstjórnandi: Ingvar Elíasson

Varamenn: Arnar Helgason og Unnar Már Pétursson

VANTAR ÞIG VINNUFÉLAGA?

Við höfum til leigu og sölu

- Skæralyftur
- Spjótlyftur
- Skotbómulyftarar
- Sogskálalyftur



Lyfta er umboðsaðili á Íslandi fyrir Snorkel og Smartlift

Njarðarbraut 1
260 Reykjavík
Sími: 421 4037
netfang: lyfta@lyfta.is
www.lyfta.is



Veislubjónusta

Fermingaveislur

Fermingabækur

Kransakökur

Pantið tímanlega



Ágætu leikhúsgestir, velkomin í Frumleikhúsið!

Ég vil byrja á því að þakka öllum sem komu að sýningunni að einhverju leyti. Við höfum fengið mikla hjálp við að setja upp þessa sýningu og ég er ekkert smá stoltur af þessu fólki. Eins og einhvejir hafa tekið eftir hefur Vox Arena legið í dvala í nokkur ár og vorum við formaður NFS, Rúnar Júlíusson, sammála um það að það væri kominn tími til að að hrista aðeins upp í félagslífínu hér í FS eftir þetta leiðinda COV... ég vil ekki einu sinni nefna það.

Allavega, við töluðum við Leikfélag Keflavíkur og komumst að samkomulagi um að fara í samstarf með þetta ferli, því Smári formaður var svo gríðarlega hógvær. Miklar vangaveltur og pælingar fóru í hvaða leikrit ætti að sýna og við enduðum á að velja þessa frábæru sýningu, GREASE! Við vildum reyna að taka eitthvað sem fólk kannaðist við, hefur gaman af og er með eitthvað fyrir alla. Þetta var bara tilvalið leikrit fyrir þá síu.

Leikstjórinn Brynja Ýr, tónlistarstjórinn Sigurður Smári og danshöfundurinn Sigríður Rut hafa verið gríðarlega þolinmóð við okkur sem koma fram á sviði, enda mögulega ofvirkasti hópurinn með mesta athyglisbrest landsins! En auðvitað afar skemmtilegur hópur... Kannski aðeins of skemmtilegur. Æfingaferlið innihélt mikið af blóði, svita, tárum og miklum athyglisbrest en í sameiningu náðum við að setja saman þessa gríðarlega skemmtilegu sýningu.

Að lokum vil ég þakka þér, góði leikhúsgestur fyrir komuna og ég vonast til þess að þú fylgist með okkur í framtíðinni.

Góða skemmtun!

Andri Sævar Arnarsson, Formaður Vox Arena



Stjórn Vox Arena

Formaður: Andri Sævar Arnarsson
Betsý Ásta Stefánsdóttir
Eva María Ómarsdóttir
Rebekka Ír Jónsdóttir
Valur Axel Axelsson

Ágæti leikhúsgestur, Vertu hjartanlega velkominn á tónlistarveisluna Grease!

Þegar ég tók að mér það verkefni að tónlistarstýra bessum söngleik fylltist ég strax tilhlökkun, því ég vissi að krefjandi en ótrúlega skemmtilegt verkefni biði míni. Þegar ég hugsa um Grease þá er það tónlistin sem kemur fyrst upp í hugann, þetta eru allt frá hugljúfum ballöðum upp í fjörugar rock & roll neglur, og það er þessi fjölbreytni í tónlistinni sem mér finnst gera þennan söngleik svo fjölbreyttan.

Okkur listrænu stjórnendunum fannst ekki koma annað til greina en að hafa lifandi tónlist og hef ég fengið til liðs með mér sex frábæra hljóðfæraleikara af Suðurnesjunum sem hjálpa mér að gera þessa tónlistarupplifun eins góða og möguleiki er á.

Ingvar Elíasson sér um að halda takti með sínum frábæra trommuleik,
Eiður Eyjólfsson plokkar bassann eins og honum einum er lagið,
Guðlaugur Ómar Guðmundsson leikur á rythmagítar af stakri snilld,
Þorvarður Ólafsson er engum líkur þegar kemur að sólögítarleik
og síðastir en alls ekki sístir eru hinir stórkostlegu
Jón Böðvarsson og Guðjón Steinn Skúlason sem skipta með sér saxófónleik.

Ég vona að þú njótir sýningarinnar, góða skemmtun!

Sigurður Smári Hansson





Hljómsveit

Hljómsveitarstjórn og piano

Sigurður Smári Hansson

Gítar

Guðlaugur Ómar Guðmundsson og Þorvarður

Ólafsson

Bassi

Eiður Eyjólfsson

Trommur

Ingvar Elíasson

Saxófónn

Jón Böðvarsson/Guðjón Steinn Skúlason

Hvar á maður að byrja? Nú, velkomin á þrælfyndnu og stórskemmtilegu sýninguna Grease hér í Frumleikhúsi Keflavíkur!

Í nóvember, 2021, tók ég það að mér að vera danshöfundur þessarar sýningar. "Eruði ekki að grínast?" var eitt það fyrsta sem ég sagði eftir að þau spurðu mig um að taka að mér danshöfundinn því ég gat ekki trúað því að þetta magnaða Leikfélag vildi ráða mig í að vera partur af þessu stóra verkefni. Þar sem ég er nú bara tvítug og að vinna með fólk sem hefur mun meiri reynslu í leikhúsini gat ég verið minn harðasti gagnrýnandi og vildi ég standa mig eins vel og ég gat. Ég komst svo stuttu seinna að því að þetta snýst ekkert bara um mig og að ég standi mig vel svo að þessi sýning verði sem best heldur snýst þetta um samvinnu. Góð samskipti á milli stjórnenda, drifkraftinn í leikhópnum og öll hjálpin á bakvið t.d. við búninga, smink og tækni. Það er eitthvað sem vantar ekki í Frumleikhúsið og er ég því stolt að hafa fengið að vinna mitt fyrsta listræna starf í þessu leikhúsi. Ég fékk að sjá þennan leikhóp dafna í bæði leik og dansi þar sem margir höfðu litla sem enga reynslu og þegar kemur að ferlinu sé ég hvað það hefur gefið mér margt. Nýja sýn á leiklist, trausta vini, stolt og aukið sjálfstraust eftir að sjá það að ég get þetta alveg. Takk allir sem komu að þessari sýningu á einhvern hátt og gerðu hana að þeirri bestu, takk elsku leikhópur fyrir skemmtilegu stundirnar og viljann ykkar í að gera vel fyrir þessa sýningu og takk Vox og LK fyrir að sýna mér það traust í að ráða mig inn sem danshöfund. Seinast vil ég þó þakka Brynju, leikstjóra, og Sigurð Smára, tónlistarstjóra, fyrir allan stuðninginn sem þau hafa sýnt mér í gegnum þetta ferli.





MÍLA LEGGUR LJÓSLEIÐARA TIL HEIMILA Í REYKJANESBÆ

7000 heimili í Keflavík, Njarðvík og Ásbrú
hafa möguleika á að tengjast ljósleiðara Mílu.



Ert þú kominn með tengingu? Kannaðu það með því að skanna
QR kóðann og pantaðu þjónustu hjá þínu fjarskiptafyrirtæki.





Hlutverkalisti

Andri Sævar Arnarsson
Betsý Ásta Stefánsdóttir
Bríana Lilja Björnsdóttir
Gabriel Már Elvarsson
Gerður Rós Ólafsdóttir
Helga Rut Guðjónsdóttir
Jóna Marín Arnardóttir
Kolbrún Saga Þórmundsdóttir
Margrét Arna Ágústsdóttir
Natalia Kromer
Ólafur Jóhann Pétursson
Óliver Már Elvarsson
Rebekka Ír Jónsdóttir
Róbert Andri Drzymkowski
Steinunn Ástrós Sighvatsdóttir
Tinna Torfadóttir
Valur Axel Axelsson
Þórarinn Darri Ólafsson

Doody
Frenchy
Dansari
Sonny
Dansari
Jan
Marty
Sandy
Rizzo
ChaCha og dansari
Danny
Roger
Patty
Kenickie
Fröken Lynch
Dansari
Vince Fontaine og dansari
Eugene og dansari



Grease er söngleikur frá 1971 eftir Jim Jacobs og Warren Casey. Söngleikurinn er nefndur eftir ungmennaflokki verkalyðsstéttar Bandaríkjanna á sjötta áratug síðustu aldar, þekktur sem greasers, og gerist árið 1959 í skáldskapnum Rydell High School.

BÍLAPUNKTURINN

Í heimsókn Sandy Olsson til Bandaríkjanna hitter hún Danny Zuko á ströndinni þar sem þau verða ástfangin. Þegar sumarið er á enda þurfa þau að kveðjast og halda að þau muni ekki hittast aftur. Örlög Sandy og Danny verða til þess að foreldrar hennar ákveða að vera áfram í Bandaríkjunum og byrjar Sandy í Rydell High School þar sem Danny stundar einnig nám. Þegar Sandy hittir Danny á ný kemst hún að því að Danny í skólanum er öðruvísi en hún var með um sumarið. Hann leiðir stráka gengið T-Birds, leðurklædda klíku. Sandy er í miklu uppnámi og leitar huggunar hjá nýjum vinkonum sem hún hefur eignast, þær kalla sig Pink Ladies. Frumlegur jómfrúarháttur hennar passar ekki inn í hópinn og finnur hún sig fljótlega vera nánast eina. Sandy er um það að breytast á hátt sem enginn er að búast við...



Grease

Lífið er erfitt það er alveg rétt
aðeins með ást og yl er hægt að taka því létt.
þar með er sagan varla sögð nema hálf
við eigum von og trú, við getum verið við sjálf
við eigum orð.

þau kalla ástina okkar vaxtaverk
og vilja aldrei sjá hvað hún er heit og sterk
en lygin endist illa og fellur flatt
því fals er útí hött, við vitum sjálf hvað er satt
við eigum orð.

(Við eigum orð, annað orð, okkar orð)
það er Grease sem er stillinn.

Grease á sér stað, á sér stund, á sér tísku
Grease erum við það er stillinn.

þau gömlu vita vert hvað klukkan slær
öll þeirra boð og bönn þau urðu úreldt í gær.
Við viljum ekki lifa lífinu hálf
við eigum von og trú, við viljum vera við sjálf.
Við eigum orð.

(Við eigum orð, annað orð, okkar orð)
það er Grease sem er stillinn.

Grease á sér stað, á sér stund, á sér tísku
Grease erum við það er stillinn.


Að lifa lífinu í lygi: allt undir stjórn
aldrei í fríi er eitthvað við í því.

Lífið er erfitt það er alveg rétt
aðeins með ást og yl er hægt að taka því létt.
þar með er sagan varla sögð nema hálf
við eigum von og trú, við getum verið við sjálf
við eigum orð.

(Við eigum orð, annað orð, okkar orð)
það er Grease sem er stillinn.

Grease á sér stað, á sér stund, á sér tísku
Grease erum við það er stillinn.


Leikhópur



Andri Sævar
Doody



Betsý Ásta
Frenchy



Bríana Lilja
Dansari



Gabriel Már
Sonny



Gerður Rós
Dansari




Helga Rut
Jan



Jóna Marín
Marty



Kolbrún Saga
Sandy




Magrét Arna
Rizzo

Leikhópur




Natalía
ChaCha og dansari



Ólafur Jóhann
Danny



Óliver Már
Roger



Rebekka Ír
Patty




Róbert Andri
Kenickie




Steinunn Ástrós
Fröken Lynch



Tinna
Dansari



Valur Axel
Vince Fontaine og dansari



Þórarinn Darri
Eugene og dansari



RAFHL^{OLT}
www.rafholt.is



nettó

langbest
PIZZERIA+STEIKHÚS



**STARFSMANNAFÉLAG
SUÐURNESJA**



Krambúðin



Sérstakar þakkir

Arnar Helgason
Svanur Kristjánsson
Alma Rut Einarsdóttir
Ásta Rún Arnmundsdóttir
Sonja Steina Guðmundsdóttir
Geimsteinn
Heiðarskóli
Jón Þorgilsson
Leikfélag Vestmannaeyja
Nemendafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi
Sigurður Geirfinnson
Sigurður Þór Hallgrímsson
Fjölskyldur, vinir og aðrir aðstandendur þátttakenda
fyrir ómetanlega þolinmæði á æfingatímabilinu



Walls 2 Paint

Skrúfa, líma og mála.
Engin grunnun.
Ekkert spartl!



Stærð plötu:
600 x 2600 x 12mm
600 x 3000 x 12mm



BYGGINGAVÖRUVERSLUN
P. ÞÓRGRÍMSSON & CO
Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is